

Erindi: Stuðningur við innréttingar og innbú í útilífsmiðstöðina Vífilsbúð við Grunnuvötn

Ágæta bæjarstjórn.

Í framhaldi af stuðningsyfirlýsingu bæjaryfirvalda við byggingu skátaskála á 40 ára afmæli félagsins 2007 þá hefur margt gerst og breyst í þjóðfélagi okkar sem gerði það að verkum að ekki var raunhæft að hefja framkvæmdir fyrr enn en raun bar vitni.

Á 50 ára afmæli félagsins var áréttaður stuðningur um skálabygginguna og rætt um möguleika á að koma á mótis við félagið við innréttingar og innbú.

Félagsstjórn og bygginganefnd hafa gert úttekt og yfirlit fyrir þær innréttingar og innbú sem þarf til að hægt verði að nýta skálann fyrir starfsemi félagsins og til notkunar í samvinnu við bæjarfélagið.

Um er að ræða innréttingar og tæki í eldhús, innréttingar og húsbúnað í borðstofu/stofu, innréttingar og svefnaðstöðu á svefnlofti, lýsingu, aðgangsstýringar og borðbúnað og annað sem þarf í eldhús.

Áætlaður kostnaður er 8 – 10 milljónir.

Það er ósk okkar að bæjarfélagið styðji okkur til að hægt verði að taka húsið í notkun strax að framkvæmdum loknum í byrjun árs 2021.

Fyrir hönd bygginganefndar Vífilsbúðar

Björn Hilmarsson

